Iðjuþjálfafélag Íslands
Borgartúni 6
105 Reykjavík
www.ii.is

Reykjavík 1. september 2021

Efni: Umsögn Iðjuþjálfafélags Íslands vegna máls nr. 141/2021: Drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða.

Iðjuþjálfafélag Íslands (IÞÍ) fagnar stefnu í þessum mikilvæga og víðfeðma málaflokki sem snertir okkur öll sem einstaklinga og samfélag og þakkar tækifærið til að veita umsögn. Við tökum heils hugar undir með skýrsluhöfundi um nauðsyn þess að gerð sé heildarskoðun á þjónustu við þennan ört stækkandi aldurshóp með tilheyrandi aðgerðum. Ennfremur tökum við undir mikilvægi þess að hugmyndafræði nútíma velferðarþjónustu við aldraða sé ávallt höfð að leiðarljósi með áherslu á persónumiðaða og snemmtæka íhlutun þar sem forvarnir, valdefling og endurhæfing eru í forgrunni. Einnig blasir við nauðsyn þess að samþætta og samhæfa þjónustuna á landsvísu þar með talið verkaskiptingu milli ríkis, sveitarfélaga og þriðja geirans.

Við viljum jafnframt koma á framfæri þökkum fyrir nýafstaðið heilbrigðisþing sem var afar gott og gagnlegt. Þar kom meðal annars fram að frændur vorir Danir hafa samræmt og stóraukið öldrunarþjónustu í sínum grunnkerfum með góðum árangri. Þar í landi er til að mynda gott aðgengi að þjónustu iðjuþjálfa og annarra lykilfagstétta í nærumhverfi aldraðra sem sinna sérstaklega forvörnum og endurhæfingu tengt heimaþjónustu. Danir þróuðu sitt módel og gerðu að útflutningsvöru þegar á tíunda áratug síðustu aldar. Uppskriftin og handbókin er því til og óþarfi að finna upp hjólið.

1. Aldursvænt samfélag

Tryggja þarf að hlustað sé á raddir eldra fólks, hvort sem þau búa heima eða á hjúkrunarheilmili og farvegur fundinn fyrir viðhorf og þarfir þessa hóps í þeim tilgangi að bæta og þróa þjónustuna. Stofnun landshlutateyma væri ein leið þar sem öldungaráð skipuð notendum þjónustu tækju virkan þátt og samstarf væri við þverfaglegan hóp fagfólks í hverjum landshluta. Stórefla þarf notendarannsóknir til að byggja upp þekkingu. Bæta þarf fræðslu til eldra fólks, auka heilsulæsi og fjölga þeim aðstæðum sem fela í sér samveru og tengsl milli kynslóða. Endurskoða þarf heildarlöggjöf og hafa sjálfræði, valdeflingu, styrkleika og þarfir að leiðarljósi auk þess að byggja á gagnreyndri þekkingu og viðurkenndu verklagi við lagaumgjörð stuðningsþjónustu.

Huga þarf sérstaklega að hönnun húsnæðis og horfast í augu við það að efnislegt umhverfi, skipulag auk menningarlegra þátta hafa veruleg áhrif á færni og þátttöku aldraðra í daglegri iðju og samfélagi. Rannsóknir sýna til dæmis að því hærra uppi sem fólk býr því minna fer það út. Algild hönnun, velferðartækni, aðgengileg græn svæði og þjónusta í nærumhverfi hefur mikil áhrif á möguleika aldraðra til félagslegrar samveru, hreyfingar og útiveru svo eitthvað sé nefnt.

Vinna þarf gegn aldursfordómum á öllum sviðum samfélagins líkt og með kynþáttafordóma og kynbundinn ójöfnuð, þar hafa stjórnvöld og fjölmiðlar töluvert að segja. Tryggja þarf að löggjöf og reglugerðir feli ekki í sér mismunun og fordóma.

2. Samþætt persónumiðuð þjónusta
Forvarnir byrja í hversdeginum heima. Með því að tryggja gott aðgengi aldraðra með iðjuvanda vegna vægari færniskerðinga að úrræðum, þar sem snemmtæk íhlutun er í forgrunni má fyrirbyggja þörf á sérhæfðari og dýrari þjónustu síðar. Þetta sýna allar rannsóknir. Sérstaklega þarf að huga að samspili iðjuvanda og félagslegrar og geðrænnar vanheilsu. Huga þarf að þeim breytileika sem er í þörfum og aðstæðum aldraðra eftir því hvort um þéttbýli eða dreifbýli er að ræða, ólíkt búsetuform eða fjöldkylduaðstæður.

Samtök iðjuþjálfa á heimsvísu (WFOT) leggja ríka áherslu á að endurhæfing þurfi að standa fólki á öllum aldri til boða með það að markmiði að efla færni og þátttöku í daglegri iðju og hlutdeild í samfélaginu - hvort heldur sem er í aðstæðum heima, í skóla, vinnu eða við tómstundaiðju. Þegar fólk upplifi misræmi milli eigin getu og þeirra krafna sem umhverfið felur í sér, þá hafi það gagn af endurhæfingu. Hún sé valdeflandi samstarfsferli þar sem litið er á fulla þátttöku og hlutdeild í samfélaginu sem mannréttindi. Aðgengi að endurhæfingu þar með talið iðjuþjálfun þar sem hversdagurinn í lífi viðkomandi er í brennidepli (e. *reablement*) sé spurning um grundvallarmannréttindi. Í endurhæfingu sé tekið mið af vali og gildum notandans, nærumhverfisins og samfélagsins við forgangsröðun og markmiðssetningu svo viðkomandi megi lifa innihaldsríku lífi þar sem hann býr, elskar, starfar og leikur. Þetta samrýmist áherslum IÞÍ um að allt fólk skuli hafa rétt og tækifæri til iðju og þátttöku.

Þverfagleg teymisvinna er grundvallarþáttur í nútíma velferðarþjónustu og samræmist gagnreyndri þekkingu og viðurkenndu verklagi. Teymi sem sinnir þjónustu við aldraða þarf að hafa lykilfagstéttir, þar með talda iðjuþjálfa innanborðs sem deila sameiginlegri sýn á verkefnin. Við nefnum fleiri stéttir eins og lækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, sjúkraþjálfara, þroskaþjálfa og félagsráðgjafa. Mikilvægt er að kjarnateymi hafi síðan greiðan aðgang að sérhæfðara fagfólki eins og næringarfræðingum, geðlæknum og öldrunarlæknum þegar mál eru flókin og margþætt. Brýnt er að samlegðaráhrif teymisvinnunnar séu nýtt og starfið byggi ekki einungis á fjölfaglegri hópavinnu. Í stefnu um heilbrigðisþjónustu við aldraða þurfa að vera skýr viðmið um faglega samsetningu teyma þannig að það sé ekki undir stjórnanda á hverri stofnun komið að ákvarða það. Hér á landi má víða finna öldrunarþjónustu þar sem töluvert vantar upp á að hún sé nægilega þverfagleg en slíkt bitnar á gæðum og dregur úr forvarnargildi þjónustunnar.

Persónumiðuð og samþætt þjónusta þarf að byggja á skýrum upplýsingum um markmið og leiðir þar sem hinn aldraði skilgreinir sjálfur sínar þarfir og áhugamál. Styrkleikar og valdefling þurfa að vera í forgrunni í allri stuðningsþjónustu. Lykilatriði er að samþætta heimahjúkrun og félagsþjónustu fyrir þá sem búa heima. Hver og einn þarf að hafa málstjóra og þverfaglegu teymin þurfa að vera hreyfanleg og nýta heilsueflandi heimsóknir í miklu meira mæli. Aðgengi að hjálpartækjum og velferðartæknilausnum þarf að stórbæta og farvegur fyrir húsnæðisbreytingar þarf að vera til ef eldra fólk á ekki aðstandendur sem geta lagt hönd á plóg. Gæta þarf þess að mismuna ekki sjúkratryggðu fólki sem dvelur á hjúkrunarheimili annars vegar og því sem býr heima og þarf heilbrigðisþjónustu eins og sérhæfða þjálfun eða sérfræðiþjónustu. Endurskoða þarf greiðslukerfi til hjúkrunarheimila og aðgreina heilbrigðisþjónustu frá búsetuþjónustu og heimilisrekstri.

3. Forysta, skipulag og samhæfing
Við deilum ekki því sjónarmiði að setja þurfi á laggirnar sérstakt ráðuneyti um öldrunarmál. Nær væri að hafa eitt Velferðarráðuneyti fyrir heilbrigðis- og félagsmál landsmanna og stofna skrifstofu innan þess sem hefði með málefni aldraðra að gera. Óhagræðið sem felst í því að aðgreina heilbrigðis- og félagsþjónustu blasir við og það endurspeglast sérstaklega í málefnum aldraðra. Þar eru mörg grá svæði sem hafa verið skilgreind og kortlögð í fyrri skýrslum.

Afar brýnt er að hækka menntunarstig fólks sem starfar við öldrunarþjónustu hvort sem það er á hjúkrunarheimilum eða í heimaþjónustu. Gera þarf átak í fræðslu og símenntun starfsfólks sem er ófaglært til að bæta gæði þjónustunnar og auka öryggi. Gera þarf fagfólki kleift að sækja sí- og endurmenntun og byggja inn hvata til þess að fólk sérhæfi sig í öldrunarfræðum.

Fjölga þarf dagþjálfunarúrræðum og bæta þar endurhæfingarþáttinn til mikilla muna. Þessi úrræði þurfa að vera sveigjanlegri en nú er. Innleiða þarf heilsueflandi móttökur alls staðar í heilsugæslunni sem og heilsueflandi og fyrirbyggjandi heimsóknir til þeirra sem búa heima. Samhæfð skráning og miðlun heilsufarsupplýsinga er lykilatriði og kerfin þurfa að tala saman. Aðkallandi er að bæta geðheilbrigðisþjónustu við aldraða á öllum þjónustustigum. Nýta þarf þær leiðir sem þegar hafa gagnast fyrir aðra aldurshópa eins og Hugarafl, Hlutverkasetur og Grófina geðrækt svo eitthvað sé nefnt.

IÞÍ hefur lengi bent á að hér á landi skorti samfellu í þjónustu við aldraða auk þess sem aðgengi að þverfaglegri endurhæfingu þar með talið iðjuþjálfun, sem snýst um að efla færni og þátttöku fólks sem býr við iðjuvanda og hindranir í umhverfi, sé verulega ábótavant í grunnþjónustu landsmanna. Hér er átt við heilsugæslu og félagsþjónustu sveitarfélaga þótt vissulega séu undantekningar þar á eins og hjá Akureyrarbæ og tilteknum verkefnum á Velferðarsviði RVK.

Nauðsynlegt er að bæta stórlega aðgengi að þverfaglegri þjónustu á fyrsta stigi heilbrigðisþjónustu. Ef heilsugæslan á til dæmis að vera betur í stakk búin til að meta þörf fólks fyrir hjálpartæki, velferðartækni og aðlögun umhverfis heima við, svo dæmi sé tekið þá þarf að vera tryggt að iðjuþjálfar séu til staðar til að sinna slíkum verkefnum. Í ljósi þess er nauðsynlegt að tryggja að iðjuþjálfi sé ráðinn í öldrunarteymi innan heilsugæslunnar. Reynsla frá Viborg í Danmörku þar sem markvisst hópastarf fyrir aldraða, leitt af iðjuþjálfa sýndi sig að draga úr lyfjanotkun, fækka innlögnum á sjúkrahús, draga úr einmanaleika og auka færni og þátttöku hjá öldruðum með vægari færniskerðingar.

Við vekjum athygli á nýrri skýrslu iðjuþjálfafélaga á Norðurlöndunum þar sem virði iðjuþjálfunar út frá heilsuhagfræðilegu sjónarhorni var kannað. Birtar greinar voru kerfisbundið teknar saman (e. *systematic review*) og sýndu niðurstöður að íhlutun iðjuþjálfa hefur ótvíræðan samfélagslegan ávinning í átt að sjálfbærni (http://www.ii.is/felagid/frettir/skyrsla-idjuthjalfun-borgar-sig).

Iðjuþjálfafélag Íslands hvetur til áframhaldandi vinnu við stefnumörkun og aðgerðaáætlun í þjónustu við aldraða og lýsir sig reiðubúið til samráðs og þátttöku í slíkri vinnu. Fyrirliggjandi tillaga er góð byrjun en þarf að vinnast áfram í samstarfi við notendur og fagfólk.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Iðjuþjálfafélags Íslands
Þóra Leósdóttir, formaður
thoraleo@bhm.is